


Orðaröð í íslensku



- Sjálfgefin orðaröð í íslensku er:
 - Fallorð (oftast í nf.) + sagnorð + fallorð (aukaf.)/atviksorð/FL
 - Fallorðið fremst er sá sem gerir/hugsar/finnur það sem sögnin felur í sér.
- Sjálfgefin orðaröð er líka kölluð:
 - Hlutlaus orðaröð
 - Bein orðaröð
- Öll önnur orðaröð er breytt orðaröð




Breytt orðaröð

- Fallmörkun er nátengd orðaröð í íslensku.
 - Jón kyssti Gunnu. } Sama merking = sami gerandi
 - Gunnu kyssti Jón. }
 - Það sama gildir ekki um ensku:
 - John kissed Jane. } Ekki sama merking = sitthvor gerandinn
 - Jane kissed John. }
- Breytt orðaröð þjónar alltaf einhverjum tilgangi, t.d.:
 - Spurning
 - Áhersla
 - Þolmynd

Breytt orðaröð

- Spurning:
 - Ætlar þú á ballið? [Þú ætlar á ballið.]
 - Hvenær skilaðir þú ritgerðinni? [Þú skilaðir ritgerðinni hvenær.]
 - Með hverjum ætlar þú á ballið? [Þú ætlar á ballið með hverjum.]
- Áhersla:
 - Í gær fór Jón í bíó. [Jón fór í bíó í gær.]
 - Góðan hest átti Jón. [Jón átti góðan hest.]
 - Jóns bíll er blár (en ekki bíll Gunnars). [Bíll Jóns er blár.]
 - Aldrei hefur Jón komið til Vestmannaeyja. [Jón hefur aldrei komið til Vestmannaeyja.]


Breytt orðaröð



- Frásögn:
 - Gekk karlssonur þá inn í hellinn ... [Karlssonur gekk þá inn í hellinn ...]
 - Gekk ég inn í salinn og sá ég þá ekki afa gamla sitjandi þar ... [Ég gekk inn í salinn og (ég) sá þá afa gamla sitjandi þar ...]
- Þolmynd:
 - Stráknum var hrint (af stelpunni). [Stelpan hrinti stráknum.]



Breytt orðaröð



- Það eru ekki bara einstök orð eða setningarhlutar sem hægt er að færa til, líka setningar:
 - Þegar Jón vaknaði í morgun skein sólin glatt fyrir utan.
[Sólin skein glatt þegar Jón vaknaði í morgun.]

